

Höskuldsstaða kirkjulands upp á há Dýnufjall, en þegar málið þar eptir var borið undir sýslunefndina, neitaði hún 11. febr. 1876 að staðfesta þessa samþykkt, að svo miklu leyti sem hún kæmi í bága við ályktun sýslunefndarinnar 12. júní 1875. Á fundi 14. febr. 1877 varð niðurstaðan hin sama, þó sýslunefndin meðfram lýsti yfir því, að hún hefði «ásett sjer að fengnum nægum upplýsingum að taka málefni þetta til nýrrar athugunar og «endilegra úrslita» og að fresta sökinni «að því leyti sem hreppsnefndin í Vindhælis-«hreppi hefir nú í 2 haust óhlýðnast úrskurðum sýslunefndarinnar». Þegar málinu var skotið til amtsráðsins ályktaði það 14. febr. 1877, að úrskurður sýslunefndarinnar skyldi standa, og hefir samkvæmt brjefi yðar, herra amtmáður frá 4. febr. f. á. ráðið byggt þenna úrskurð sinn á því, að sýslunefndinni samkvæmt 39. grein tilsk. 4. maí 1872 bæri síðasta úrskurðarvald í öllum fjallskilamálum, og að hvorki sje eðlilegt nje haganlegt að skjóta slíkum málum undir æðra úrskurð, nema því að eins, að 2 eða fleiri sýslunefndir greini á um gangnatakmark sýslna á milli eða annað það, er að fjallskilamálum lýtur, enda liggi það í augum uppi, að hver sýslunefnd hlýtur að hafa mestan kunnugleika í sínu hjeraði.

Jeg er nú amtsráðinu samdóma um, að þegar spurning er um eitthvert fjallskilamál, verður að meta mjög mikið tillögur sveitastjórnarvaldanna á staðnum; en einmitt samkvæmt þessari reglu, get jeg ekki fallizt á úrskurð sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu frá 12. júní 1875, er virðist eptir áskorun einstakra manna að hafa felld úr gildi sameiginlega ákvörðun 2 hreppsnefnda. Þó 39. gr. tilsk. 4. maí 1872 skipi sýslunefndum að semja reglugjörðir um notkun afrjetta o. fl., hefir 17. gr. hinnar sömu tilskipunar falið hreppsnefndum myndugleika þann, er hreppstjórar áður höfðu í slíkum málum. Hreppsnefnd verður því að geta gjört allar þær ákvarðanir viðvíkjandi fjallskilum innan takmarka hreppsins, sem eigi koma í bága við reglugjörð sýslunefndarinnar eða rjettindi annara hreppa, og er það vitaskuld, að myndugleiki sá, er getur um í 17. gr. tilsk. 4. maí 1872 ber undir fleiri en eina hreppsnefnd, ef utanhreppsþændur eiga upprekstur á viðkomandi fjallland. Það verður nú ekki sjeð, að reglur þær, er Vindhælis- og Engihlíðar hreppsnefndir komu sjer saman um 4. marz og 17. nóvbr. 1875 um notkun fjallhaga þeirra, er hjer getur um, komi í bága við fjallskilareglugjörð þá, er sýslunefndin í Húnavatnssýslu samkvæmt 39. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar hefir samþykkt fyrst til bráðabirgða 12. júní 1875, og síðan fyrir fullt og allt 14. febr. 1877, og með því heldur eigi hefir komið til tals, að reglur þessar rýri rjettindi annara hreppsfjelaga, verða hjer með hinir áfrýjuðu sýslunefndarúrskurðir frá 12. júní 1875, og 14. febr. 1877 felldir úr gildi.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdeminu um sparisjóð á Ísafirði.* — Eptir að hafa meðtekið bónarbrjef forstöðunefndarinnar frá 19. febr. þ. á. hefi jeg samkvæmt tilsk. 5. janúar 1874 um hlunnindi fyrir sparisjóði á Íslandi veitt sparisjóðnum á Ísafirði öll hlunnindi þau, er getur um í nefndri tilskipun um 5 ára tímabil, er teljist frá 11. júní þ. á. þó með þeim skilyrðum: að ábyrgð sú er stofnendur sjóðsins hafa með 2. grein samþykktar 19. apríl 1876 tekizt á hendur, ekki skerðist, að ákvarðananna um reikningsskil í samþykkt sjóðsins sje nákvæmlega gætt, og að send sjeu landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningum hans; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kynni að verða gjörð á samþykktinni frá 19. apríl

Hinn 25. júní 1879.

**77** 1876 og frá því, ef skipti verða á stofnöndum sjóðsins samkvæmt 2 og 3 gr. samþykktarinnar.  
16. maí.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sparissjóðsins á Ísafirði.

**78** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sveitar meðlag með vitfirringi.* — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 2. f. m. meðtók jeg álit yðar um umkvörtun hreppsnefndarinnar á Vestmannaeyjum út af því, að þjer hafð úrskurðað hreppsnefndinni í Dyrhólahreppi meðal annars 60 aura daglegt endurgjald fyrir fœði, húsnæði og aðra aðhlyningu handa vitfirrtum þurfamanni Sveini Hjaltasyni, er sveit á í Vestmannaeyjum, en dvaldi um stund síðastliðið haust í Dyrhólahreppi, — enn fremur 46 kr. 60 aura fyrir að vaka yfir tjeðum ómaga, og loksins 2 kr. borgun handa hreppstjóranum.

Hvað nú fyrst snertir fœðispeninga fyrir tjeðan ómaga, þá virðist upphæð sú, er þjer hafð ákveðið, þó hún kunni að vera meiri en venjulega er lagt með ómögum, ekki of há með tilliti til hins sjerstaka ástands þessa ómaga. Aftur á móti virðist engin heimild hafa verið fyrir hreppstjóra til að reikna sjer borgun þá fyrir fyrirhöfn sína, er hann hefir tiltekið. Með tilliti til hins áminnsta vökugjalds, hefir hreppsnefndin í Vestmannaeyjahreppi haldið því fram, að mögulegt hefði verið að setja vitfirringinn í spennitreyju, að þá hefði ekki þurft að hafa neinn vökumann yfir honum, og að það, hvað sem öðru líður, hafi verið ónaðsynlegt að hafa 2 vökumenn eins og hafðir voru í 9 af þeim 16 sólarhringum, er Sveinn dvaldi í hreppnum, og loksins hefir Vestmannaeyjahreppur álitid vökukaupið 2 kr. 33 a. um sólarhringinn of hátt. Hvað nú fyrst snertir upphæð þessa gjalds, verð jeg að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að það sje ekki of hátt tiltekið, eptir því sem æði hins geðveika er lýst, en með tilliti til nauðsynjar þessa varðhalds, þá virðist ekkert verða haft í móti því, að Dyrhólahreppur kaus heldur að láta vaka yfir þessum vitfirringi, en að setja hann í spennitreyju eða binda hann, því síður sem hreppurinn átti ekki kost á að leita álits læknisfróðs manns um það, hvort slík meðferð á hinum geðveika gæti ekki haft hættulegar afleiðingar fyrir heilsu hans. Upphæð sú, sem Vestmannaeyjahreppur á að endurgjalda Dyrhólahreppi, verður því 57 kr. 70 a., og eruð þjer herra amtmaður beðnir að hlutast til um, að Vestmannaeyjahreppur greiði upphæð þessa án frekari undandrættar.

**79** — *Brjef landshöfðingja til biskups um útbýtingu styrks til hinna*  
19. maí, *fátækustu brauða.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup í þóknanlegu brjefi 17. þ. m. er veitt er til fátækustu brauða með 13. gr. A. b. 1. í sjárlögumum 19. október 1877 að upphæð 4000 kr., þetta ár úthlutað meðal neðangreindra brauða:

A.		
Sandfell í Örefum . . . . .	400 kr.	fluttar 1500 kr.
Staður í Aðalvík . . . . .	400 —	Reynisþing . . . . . 200 —
Þönglabakki . . . . .	300 —	Hvanneyri . . . . . 200 —
Kirkjubólsping með Stað . . . . .	200 —	Kvíabekkur . . . . . 200 —
Bergstaðir . . . . .	200 —	Presthólar . . . . . 200 —
	flyt 1500 —	flyt 2300 —